



Öruggara Norðurland eystra

Svæðisbundið samráð

um varnir gegn ofbeldi og öðrum afbrotum á Norðurlandi eystra

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra, Akureyrarbær, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit, Langanesbyggð, Norðurþing, Svalbarðsstrandarhreppur, Tjörneshreppur, Þingeyjarsveit, Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Sjúkrahúsið á Akureyri, Háskólinn á Akureyri, Framhaldsskólinn á Húsavík, Framhaldsskólinn á Laugum, Menntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn á Tröllaskaga, Verkmenntaskólinn á Akureyri og Bjarmahlíð hafa ákveðið að vinna saman gegn ofbeldi og öðrum afbrotum. Þessi samstarfsyfirlýsing er grundvöllur sameiginlegrar framkvæmdaáætlunar með skilgreindum aðgerðum, verkefnum og markmiðum sem samstarfsaðilar skuldbinda sig til að vinna að.

Samstarfsaðilar hafa farið yfir stöðuna á Norðurlandi eystra þegar kemur að ofbeldi og öðrum afbrotum. Fram hefur komið að á svæðinu er unnið mikið þverfaglegt starf en að vilji og tækifæri séu til að efla það enn frekar og samræma samstarfið, sem og að styrkja lykilaðila vegna afbrota- og ofbeldisvarna. Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra stóð fyrir ráðstefnu þann 1. apríl 2022 sem bar heitið „Börn í viðkvæmri stöðu“ þar sem samstarfsaðilar komu saman til að vinna að forvörnum og auka samstarf. Vilji samstarfsaðila stendur til þess að stofna formlegan samráðsvettvang um varnir gegn ofbeldi í því skyni að vinna saman að öruggara samfélagi og bættri þjónustu við þau sem beitt eru ofbeldi.

Markmið svæðisbundins samstarfs um Öruggara Norðurland eystra:

- *Samstarfssamningur þessi miðar að því að lögreglan og samstarfsaðilar vinni saman að forvörnum í umdæminu, með sameiginlegum áherslusviðum og markmiðum þróuðum út frá svæðisbundnum aðstæðum.*
- *Efla enn frekar samvinnu við úrlausn mála, m.a. samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.*
- *Halda utan um tölfræðiupplýsingar miðað við sameiginlegar skilgreiningar samstarfsaðila sem lagðar eru til grundvallar við markmiðasetningu við afbrotavarnir.*

Fyrirkomulag samráðsins

Stofnaður verður reglubundinn **samráðsvettvangur** samstarfsaðila á Norðurlandi eystra sem samanstendur af aðilum sem undirrita samráðsyfirlýsingu þessa. Þessir aðilar vinna allir, á einhvern hátt, að aðgerðum gegn ofbeldi eða þjónustu við þolendur á svæðinu. Samráðsfundur er haldinn **árlega** þar sem farið verður yfir framgang framkvæmdaáætlunar og þeirra áhersluverkefna sem unnin hafa verið frá síðasta samráðsfundi. Greiningar á tölfræði í málaflokkunum verða kynntar ásamt því að hugmyndum er safnað fyrir möguleg áframhaldandi áhersluverkefni.

Á árlegum fundum svæðisbundins samráðs er tilnefnt í **framkvæmdateymi** sem samanstendur af aðilum sem starfa í umboði þeirra er undirrita samráðsyfirlýsingu þessa. Fast sæti í framkvæmdateymi eiga fulltrúar lögreglustjóra, félagsþjónustu- og barnaverndarsvæða, Heilbrigðisstofnunar Norðurlands, Sjúkrahússins á Akureyri og fulltrúi framhaldsskólanna. Hlutverk framkvæmdateymis er að vera leiðandi í þróun samstarfsins, taka ákvarðanir um áhersluverkefni eftir umræður á svæðisbundnum samráðsfundum og útbúa framkvæmdaáætlun sem gildir til næsta fundar svæðisbundins samráðs.

Framkvæmdateymi skal funda reglulega um það sem efst er á baugi á Norðurlandi eystra hvað varðar samráð gegn ofbeldi og öðrum afbrotum og afbrotavarnir, að lágmarki fjórum sinnum á ári. Framkvæmdateymi skal fylgjast með og ræða þróun málaflokksins, nýjustu tölfræði, og fylgja eftir með markmiðasetningu í framkvæmdaáætlun.

Framkvæmdateymi getur sett á stofn **vinnuhópa** fyrir einstök verkefni en aldrei án þess að í hópnum sitji að minnsta kosti einn aðili úr framkvæmdateymi. Tíðni funda í vinnuhópum er ákveðinn af hópnum og fer eftir aðstæðum og umfangi verkefna.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra boðar samráðsfundi samstarfsstarfsaðila, leiðir framkvæmdateymi og boðar fundi þess. Þátttaka í samráðsvettvangi, framkvæmdateymi og vinna við áhersluverkefni er unnin sem hluti af daglegum rekstri samstarfsaðila.

Samstarfsaðilar skuldbinda sig til að vinna að framkvæmdaáætlun samráðsvettvangsins. Þátttakendur í framkvæmdateymi sækja umboð til að taka þátt í eða hefja ný áhersluverkefni innan framkvæmdaáætlunar til síns vinnustaðar þegar þörf er á.

Gildistími og endurskoðun samstarfsyfirlýsingar

Gildistími samstarfsyfirlýsingarinnar er í tvö ár frá 16.10.2024 - 15.10.2026. Samstarfsyfirlýsingin og þar með stöðumat, markmið og framkvæmdaáætlun er endurskoðuð að tveimur árum liðnum eða fyrr ef verulegar breytingar verða á aðstæðum í samfélaginu sem kalla á viðbrögð hlutaðeigandi aðila í verkefninu um *Öruggara Norðurland eystra*.

Eftirtaldir aðilar undirrita skjalið með rafrænum hætti af hálfu stofnanna sinna:

Páley Borgþórsdóttir, lögreglustjóri f.h. Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra

Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson, oddviti f.h. Tjörneshrepps
Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri f.h. Akureyrarbæjar
Björn Sigurður Lárusson, sveitastjóri f.h. Langesbyggðar
Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, sveitastjóri f.h. Dalvíkurbyggðar
Finnur Yngvi Kristinsson, sveitastjóri f.h. Eyjafjarðarsveitar
Katrín Sigurjónsdóttir, sveitastjóri f.h. Norðurþings
Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, sveitastjóri f.h. Þingeyjarsveitar
Sigríður Ingvarsdóttir, bæjarstjóri f.h. Fjallabyggðar
Snorri Finnlaugsson, sveitastjóri f.h. Hörgársveitar
Þórunn Sif Harðardóttir, sveitastjóri f.h. Svalbarðsstrandarhrepps
Þröstur Friðfinnsson, sveitastjóri f.h. Grýtubakkahrepps

Hildigunnur Svavarsdóttir, forstjóri, f.h. SAK.

Jón Helgi Björnsson, forstjóri f.h. HSN

Áslaug Ásgeirsdóttir, rektor f.h. Háskólans á Akureyri
Benedikt Barðason, skólameistari f.h. Menntaskólans á Laugum
Karl Frímannsson, skólameistari f.h. Menntaskólans á Akureyri
Lára Stefánsdóttir, skólameistari f.h. Menntaskólans á Tröllaskaga
Sigríður Huld Jónsdóttir, skólameistari f.h. Verkmenntaskólans á Akureyri
Valgerður Gunnarsdóttir, skólameistari f.h. Framhaldsskólans á Húsavík

Kristín Snorradóttir, teymisstjóri f.h. Bjarmahlíðar þolendamiðstöðvar

Undirritunarsíða

Páley Borgþórsdóttir

Sigríður Ingvarsdóttir

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir

Snorri Finnlaugsson

Ásthildur Sturludóttir

Finnur Yngvi Kristinsson

Þórunn Sif Harðardóttir

Þröstur Friðfinnsson

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir

Katrín Sigurjónsdóttir

Undirritunarsíða

Björn Sigurður Lárusson

Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson

Jón Helgi Björnsson

Hildigunnur Svavarsdóttir

Karl Frímannsson

Sigríður Huld Jónsdóttir

Lára Stefánsdóttir

Valgerður Gunnarsdóttir

Áslaug Ásgeirsdóttir

Benedikt Barðason

Kristín Snorradóttir